

53. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 17. september 2019, kl. 15:00 í húsnæði skólans í Ólafsfirði.

Mættir: Edward Huijbens formaður, Dóróþea Reimarsdóttir, Aðalsteinn Arnarsson (í stað Rósu Jónsdóttur), Katrín Freysdóttir, Unnur Hafstað fulltrúi kennara, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari.

Ásgeir Logi Ásgeirsson mætti ekki til fundar og boðaði ekki varafulltrúa. Fulltrúar nemenda og foreldra mættu ekki.

Dagskrá

1. Fundir vetrarins dagsettir

Formaður bauð fundarmenn velkomna og fór yfir áætlaðar dagsetningar funda vetrarins. Gert er ráð fyrir fundum 19. nóvember, 21. janúar, 17. mars og 26. maí, kl. 15.

2. Kjör formanns

Sitjandi formaður gefur kost á sér til áframhaldandi formennsku. Samþykkt samhljóða.

3. Yfirlit yfir samninga sem eru í gildi

Farið yfir samninga sem eru í gildi. Lára upplýsti að hún væri að gera samning við Grunnskóla Fjallabyggðar og Fjallabyggð. Um er að ræða uppfærðan samning með nokkrum breytingum sem farið var yfir. Fræðslufulltrúi Dalvíkurbyggðar hefur fengið samninginn í hendur og þeim býðst að gera sambærilegan samning.

4. Rekstrarstaða

Inga fjármálastjóri mætti á fundinn og lagði fram stöðu fjármála þann 1. september. Staðan er í samræmi við áætlun. Skólameistari gerði grein fyrir hlut skólans í fjárlagafrumvarpi næsta árs. Ársnemendafjöldi verður óbreyttur.

5. Tengsl við atvinnulíf

Lára fór yfir stöðuna. Ekkert nýtt er að gerast í sambandi við atvinnulífið. Á sameiginlegum degi framhaldsskóla á Norðurlandi er stefnt að því að kynna fyrirtæki í Fjallabyggð fyrir kennurum skólanna.

6. Önnur mál

6.1 Verkefni sem skólinn hefur unnið að undanfarið

Skjalavarsla. Unnið hefur verið að innleiðingu rafrænnar skjalavörslu og er tilkynning um hana í ferli hjá Þjóðskjalasafni.

Persónuvernd. Unnið hefur verið að persónuverndarstefnu sem finna má á heimasíðu skólans. Unnið er að áhættugreiningu og öryggisstefnu fyrir skólann.

Jafnlaunavottun. Skólinn þarf að vinna jafnlaunavottun í samræmi við staðal um jafnlaunavottun. Vinna við hana er hafin.

Vörn gegn vá. Framhaldsskólarnir hafa unnið að stefnu og viðbragðsáætlun vegna aðsteðjandi vár.

6.2 Endurmenntunarstyrkur og nemendastyrkir

Lára upplýsti að skólinn væri með styrk til endurmenntunar fyrir kennara frá Evrópusambandinu. Kennarar hafa farið víða á námskeið í Evrópu.

Einn nýr Evrópustyrkur hefur fengist fyrir nemendur, *U 2 have a voice*.

Markmið verkefnisins er að þjálfa nemendur í virkri þátttöku og kenna þeim að axla ábyrgð í lýðræðisþjóðfélagi. Auk okkar skóla eru skólar frá Grikklandi, Lettlandi og Tékklandi aðilar að verkefninu.

6.3 Heimsóknir

Von er á hópi kennara frá MR í heimsókn í lok september. Hér verður haldinn sameiginlegur fundur framhaldsskólanna á Norðurlandi þann 4. október.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:15